

Félagsleg liðveisla

Starfsmaður óskast í félagslega liðveislu í Dalabyggð. Leitað er að fólki sem er tilbúið til að vera stuðningur við börn/unglinga, 18 ára eða eldri. Sveigjanlegur vinnutími, en um er að ræða 12-16 tíma á mánuði.

Markmið liðveislu er að efla einstaklinga til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun.

Umsóknir sendist á netfangið vildis@borgarbyggd.is eða á skrifstofu Borgarbyggðar Borgarbraut 14, 310 Borgarnes.

Nánari upplýsingar veitir Inga Vildís Bjarnadóttir í síma 433 7100.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar í febrúar verða á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardögum kl. 14-18. Þó verður lokað laugardaginn 27. febrúar.

Opnunartímar eru auglýstir á vef Dalabyggðar og Ungmenna- og tómsundabúðanna.

Byggðasafn Dalamanna -sögustundir

Sögustundir á Byggðasafni Dalamanna hefjast laugardaginn 6. febrúar kl. 15 og eru annan hvorn laugardag fram á vor.

Dagskrá til vorsins er ekki frágengin, en viðburðir verða nánar kynntir á heimasíðu Dalabyggðar.

Félagsþjónustan

Viðtalstímar félagsráðgjafa hafa verið fluttir á fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði. Tímapantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222. Auk viðtalstíma í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal er hægt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga.



DALAPÓSTURINN

1. tölublað, 9. árgangur
29. janúar 2016

Lagning ljósleiðara

Dalabyggð áformar að standa fyrir lagningu ljósleiðarnets innan sveitarfélagsins. Um er að ræða jarðstrengi sem eftir atvikum verða lagðir í pípum eða plægðir beint í jörð, að mestu meðfram vegum og heimreiðum. Einnig þarf að setja upp tengiskápa, tengibrunna og hliðstæðan búnað til samtenginga jarðstrengjanna.

Ein af forsendum fyrir þessu verki er að fyrir liggi samþykki landeigenda fyrir lagningu jarðstrengjanna um lönd þeirra og jarðir, svo og uppsetningu tengiskápa, tengibrunna og annar nauðsynlegs búnaðar. Ef um fleiri en einn eiganda er að löndum eða jörðum, þarf undirritun allra þinglýstra eigenda undir samkomulag þetta.

Sveitarstjórn óskar eftir áhugasömum aðilum á Skógarströnd, í Hörðudal, Miðdölum, Haukadal, Laxárdal, Hvammssveit og Saurbæ til að aðstoða við að afla samþykkis landeigenda. Þessi vinna er að hefjast á Fellsströnd og Skarðsströnd.

Áhugasamir hafi samband við Svein Pálsson sveitarstjóra í síma 430 4700 eða með tölvupósti sveitarstjori@dalir.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Fasteignagjöld 2016

Álagning fasteignagjalda stendur nú yfir.

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt á www.island.is. Íbúar 67 ára og eldri fá seðlana senda í pósti og einnig þeir sem þess óska sérstaklega.

Álagður fasteignaskattur er

- a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna
- b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

a) íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.

b) atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur (Skattframtal 2015, tekjur 2014).

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Gjalddagar eru sex, frá 5. febrúar til 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einn gjalddagi, 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt. Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar.

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Dalabyggðar, á skrifstofu Dalabyggðar kl. 10-14, í síma 430 4700 kl. 9-13 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið dalir@dalir.is.

Svæðisskipulag

Sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar hafa ákveðið að gera sameiginlega tillögu að svæðisskipulagi.

Þessi sveitarfélög hafa haft með sér samstarf af margvíslegum toga og hefur vegur um Arnkötludal styrkt svæðið til muna sem eina heild. Öll þessi sveitarfélög vilja bæta þjónustu, samgöngur, fjarskipti og aðra grunngerð til að búa sem best í haginn fyrir íbúa og fyrirtæki.

Skal tillagan miða að því að sameiginleg mynd af svæðinu verði gerð skýrari og tækifæri til atvinnuþróunar á svæðinu sem heild dregin fram. Tillaga að svæðisskipulagi er gott verkfæri í þessum tilgangi, þar sem í henni er sett fram sýn sveitarfélaganna á framtíðarþróun og markmið sem miða að þeirri sýn.

Í tillögunum verður lögð áhersla á að draga upp mynd af auðlindum, sérkennum í landslagi, sögu og menningu sveitarfélaganna. Tilgangurinn er að styrkja ímynd svæðisins og auka aðdráttarafi þess gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum.

Á grunni þeirrar myndar verður mörkuð stefna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur sveitarfélaganna í atvinnu-, samfélags- og umhverfismálum og síðan skipulagsstefna sem styður við þær áherslur. Svæðisskipulagið myndar þannig ramma fyrir aðalskipulag hvers sveitarfélags og einfaldar vinnslu þess.

Settur verður upp upplýsingavefur um verkefnið á næstunni þannig að íbúar og aðrir geti fylgst með framgangi þess og kynnt sér gögn sem verða til við vinnsluna. Vefurinn verður aðgengilegur frá vefsíðum sveitarfélaganna. Frekari upplýsingar um verkefnið á þessu stigi veita sveitarstjórnir.